

Höfuð í bleyti

Kynning á áhugaverðum verkefnum
á vettvangi frístundamála SFS og
hugmyndir um þróun frístundastarfsins

Dagskrá í Gerðubergi 14. maí 2014

- Kl. 9:00** **Leggjum höfuðið í bleyti!**
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
- Kl. 9:10** **Skipulegar frístundir – umgjörð sem skiptir máli fyrir menntun ungs fólks**
Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri ÍTR
- Kl. 10:00** **Kaffi**

Kl. 10:20 Málstofa – fyrsta lota

1. Frumkvöðlar í félagsmiðstöðvum - Leiðir í verkefnavinnu í hópastarfi

Erindið fjallar um ákveðna nálgun og þróun á hugmyndafræði í verkefnavinnu með ólíka hópum þar sem áhersla er lögð á valdeflingu. Hugmyndin gengur út á að láta hópinn stofna einskonar fyrirtæki með hugmyndfræði frumkvöðla að leiðarljósi og kveikja þannig áhuga, auka valdeflingu og miðla um leið þekkingu, s.s. markmiðasetningu, fjármálafræðslu, lýðræði o.fl. Sagt verður frá nokkrum verkefnum sem unnin voru út frá þessu módeli í félagsmiðstöðinni Tíunni með góðum árangri og hafa sett sitt mark á starfið þar undanfarin misseri.

Kristján Sturla Bjarnason, verkefnisstjóri í félagsmiðstöðinni Tíunni, Árseli.

2. Neteinelti.is

Neteinelti.is er vefur sem hópur kennaranema þróaði til að fræða ungmenni, forráðamenn og fagaðila um nýjar leiðir í eineltismálum. Á þessum vef er fræðslumynd um neteinelti og margvíslegt efni fyrir ungmenni, forráðamenn og fagaðila um forvarnir, viðbrögð og afleiðingar neteineltis. Einnig eru á vefnum stutt myndbönd um nafnleynd, dreifingu mynda, ráð til uppallenda og fleira. Vefur þessi er hluti af lokaverkefni kennaranema við HÍ.

Páll Ásgeir Torfason, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Holtinu, Árseli og Lilja Ósk Magnúsdóttir, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Frosta, Frostaskjól.

3. Barnalýðræði í Kampi

Kynning á verkefnum sem tengjast lýðræðisvitund, borgaralegri færni og valdeflingu barna í Kampi. *Húsið okkar* er hugmynd sem tengir lýðræði við félagsfærni og styrkir uppbyggilega umræðu í barnahópnum. Réttindaganga barna er árlegur viðburður þar sem börnin láta sína rödd heyrast, minna á sín réttindi og sinn vilja.

Ragnheiður Eyjólfsdóttir, deildarstjóri barnastarfs og James Weston, aðstoðarverkefnisstjóri í frístundaheimilinu Halastjörnunni, Kampi.

4. Barnaóperuferðalag – Frá hugmynd að veruleika

Samstarfsverkefni frístundaheimilanna Regnbogalands í Foldaskóla, Vogasels í Vogaskóla og Sólu sögukonu úr sögubílum *Æringja* í tengslum við Barnamenningarhátíð 2014. Sagt verður frá tilurð verkefnisins og hvernig það var unnið, æft og flutt.

Álfheiður Ólafsdóttir, verkefnisstjóri í frístundaheimilinu Regnbogalandi, Gufunesbæ og Elín Halldórsdóttir, tónlistarkennari í Vogaskóla.

5. „Sérðu ekki að ég er unglingur“

Kynning á verkefninu „Sérðu ekki að ég er unglingur“ sem var styrkt af *Evrópu unga fólksins*. Markmið verkefnisins er að sporna gegn algengum goðsögnum um að fatlað fólk sé börn að eilífu með því að sýna brot úr lífi þeirra. Farið verður í kveikju, skipulagningu og framkvæmd verkefnisins.

Andrea Bergmann Halldórsdóttir, yfirproskapjálfi í félagsmiðstöðinni Öskju, Kringlumýri.

6. Árangursrík samskipti - Fræðsla fyrir unglinga

Í vetur fór fram fræðsla um árangursrík samskipti í félagsmiðstöðinni Fjörgyn. Fræðslunni var ætlað að vekja unglinga til umhugsunar um mikilvægi þess að tileinka sér jákvæð og árangursrík samskipti en tugir unglinga skráðu sig til leiks. Fjallað verður um forsendur þess að bjóða upp á slíka fræðslu, útfærslu hennar og hvað þarf að hafa í huga.

Andrés Sverrir Ársælsson, verkefnisstjóri í félagsmiðstöðinni Fjörgyn, Gufunesbæ.

Kl. 10:50 Málstofa - önnur lota

7. Blómin á þakinu - Gróðurhús við Draumaland

Verkefnið *Blómin á þakinu*, sem stefnt er að því að setja af stað í vor, miðar að því að bjóða börnum í Austurbæjarskóla verklega kennslu í borgarbúskap; ræktun plantna og matjurta. Meðal markmiða er að efla þekkingu og skilning á sjálfbærni, umhverfisvernd, matvælalæsi, heilbrigði og skemmtanagildi garðyrkju. Sett verða upp gróðurhús og upphækkuð beð á skólalóðinni þar sem börnin geta ræktað plöntur, matjurtir eða lítil tré undir handleiðslu starfsmanna.

Gísli Ólafsson, aðstoðarverkefnisstjóri í frístundaheimilinu Draumalandi og Ragnheiður Eyjólfsdóttir, deildarstjóri barnastarfs, Kampi.

8. Lýðræði í leik og starfi

Samstarfsverkefni Frostaskjól og Vesturbæjarskóla snýr að því að auka skilning og þekkingu barna í 6. bekk á lýðræði og mannréttindum. Verkefnið fer fram einu sinni í viku á skólatíma og hafa börnin unnið fjölbreytt verkefni, m.a. samið leikrit, búið til veggspjald, farið í leiki tengda lýðræði og mannréttindum, fengið utanaðkomandi fræðslu og fleira.

Jónína Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri og Svanhildur Helgadóttir, aðstoðarverkefnisstjóri, Frostaskjól.

9. Við skemmtum okkur saman

Samstarfsverkefni leikskólans Miðborgar, frístundaheimilisins Draumalands og Austurbæjarskóla. Börn á aldrinum 5-9 ára héldu átta veislur fyrir hvert annað en þau eiga uppruna sinn í átta mismunandi menningarheimum.

Ísabella Þráinsdóttir, verkefnisstjóri í frístundaheimilinu Draumalandi, Kampi.

10. Nemendaráð - Úr 8 manna lýðræðislega kjörnu nemendaráði í 80 manna opið nemendaráð; aðdragandi og framkvæmd

Síðastliðin tvö ár hefur verið starfrækt nemendaráð í félagsmiðstöðinni Þróttheimum þar sem allir sem vilja mega bjóða sig fram og taka þátt í að skipuleggja félagslífið. Að hausti hittast allir þeir sem hafa áhuga á að móta starf vetrarins. Breytingar hafa orðið á starfi félagsmiðstöðvarinnar sem og skólabrag. Farið verður yfir aðdraganda þessara breytinga á nemendaráðinu og framkvæmdina.

Inga Lára Björnsdóttir, verkefnisstjóri og Daniel Einarsson, frístundaráðgjafi í félagsmiðstöðinni Þróttheimum, Krínglumýri.

11. Love, Lust, Eros and Relationships

Sagt verður frá námskeiði sem haldið var á vegum ECYC, samtaka félagsmiðstöðva í Evrópu, á Kypur í nóvember s.l. Námskeiðið fjallaði um ást, sambönd, kynhegðun og kynheilbrigði ungs fólks og þar fór fram öflug umræða um kynlíf, kynvitund, kynhneigðir, fordóma og fleira. Margt af því sem fram fór á námskeiðinu getur nýst okkur í starfi með börnum og unglingum hér heima.

Andrea Marel, verkefnisstjóri í félagsmiðstöðinni 105, Kampi.

12. Félagsfærni í grunnskóla og frístund

Um er að ræða þróunarverkefni sem unnið var af sex þroskaþjálfanum við Háskóla Íslands á vorönn 2014. Verkefnið var unnið samhliða vettvangsnámi í grunnskólum og frístund. Tekin voru viðtöl við starfsfólk og stjórnendur skólanna sem leiddu í ljós að aukning sé á hegðunarvanda innan grunnskóla. Verkefnið fjallar um mikilvægi félagsfærni og eflingu þeirrar færni í grunnskólum og frístund. Útbúið var handbók sem nýst getur starfsfólki skóla og frístundar um mikilvægi félagsfærni. Í henni er meðal annars að finna leiðir og aðferðir sem hægt er að nota í starfi með börnum og unglingum.

Þóra Margrét Sigurðardóttir, útskriftarnemi í þroskaþjálfarafræði við Háskóla Íslands.

Kl. 11:20 Málstofa - þriðja lota

13. Meðferðarúrræði á Íslandi - Upplifun einstaklinga á vímuefnaeðferð

Sýnd verður heimildarmynd sem er hluti af lokaverkefni í tómstunda- og félagsmálafræði við HÍ. Myndin sýnir upplifun nokkurra einstaklinga á meðferðarkerfinu. Í myndinni koma fram fyrrum fíklar, mæður fíkla, ungt fólk í neyslu, starfsfólk á

meðferðarheimilum og fagfólk í frítímaþjónustu. Markmið verkefnisins er að opna enn frekar á umræðuna um þessi mál auk þess að fræða samfélagið um stöðu meðferðarkerfisins og einstaklinga sem glíma við kerfið enn frekar.

Laufey Sif Ingólfssdóttir, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Dregyn, Gufunesbæ og Sædis Sif Harðardóttir, aðstoðarverkefnisstjóri frístundaheimilinu Laugarseli, Kringlumýri.

14. Skylmingaklúbbur – Lært með sverði

Skylmingaklúbbur er staður fyrir börn til að berjast með mjúkum vopnum. Þar gefast tækifæri fyrir börn sem oft verða útundan í líkamlega erfiðum leikjum. Einnig er lögð áhersla á sjálfsstjórn og samhygð, sem og tækifæri til leikrænna tilþrifa og útrásar.

Samuel L. Levesque, frístundaráðgjafi í frístundaheimilinu Álftabæ, Kringlumýri.

15. Starfsnám unglinga á frístundaheimilum - Samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar Dregyn og frístundaheimilanna Brosbæjar og Hvergilands

Félagsmiðstöðin Dregyn og frístundaheimilin Brosbær og Hvergiland óskuðu eftir unglingum í starfsnám í frístundaheimilin. Markmiðið var að kynna starfsemi frístundaheimila fyrir unglingum, gefa börnum tækifæri til að kynna unglingum í skólanum og þjálfra samskiptafærni unglinga. Einnig var markmiðið að þjálfa unglingana í að sækja um starf og fara í atvinnuviðtal. Fjallað verður um undirbúning, útfærslu, framkvæmd og hvernig gengið hefur í þau tvö ár sem boðið var upp á starfsnámið.

Þorsteinn V. Einarsson, verkefnisstjóri í félagsmiðstöðinni Dregyn, Erla Bára Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri í frístundaheimilinu Brosbæ og Ingunn Margrét Óskarsdóttir, verkefnisstjóri í frístundaheimilinu Hvergilandi, Gufunesbæ.

16. Kvikmyndasmiðja frístundaheimilanna

Vorið 2013 fékk Miðberg þróunarstyrk skóla- og frístundaráðs til þess að vera með kvikmyndasmiðju í frístund. Hugmyndin var að gera stuttmynd með börnum þar sem þau fengu að vera handritshöfundar, leikarar, búninga- og leikmyndahönnuðir og að sjálfsögðu kvikmyndagerðamenn. Ein stuttmynd er unnin á hverju frístundaheimili, samtals fimm myndir, sem svo eru sýndar á Kvikmyndahátíð barnanna á vorönn. Verkefnið verður kynnt í stuttu máli og ein stuttmynd sýnd sem börnin hafa unnið.

Hafsteinn Vilhelmsson, verkefnisstjóri sérverkefna, Miðbergi.

17. Félagsmiðstöð á hjólum

Félagsmiðstöð á hjólum er færanleg félagsmiðstöð sem hefur það að markmiði að nálgast krakka í þeirra umhverfi, hvar og hvenær sem er. Sagt verður frá tilurð verkefnisins, markmiðum og framkvæmd. Verkefnið hlaut þróunarstyrk frá skóla- og frístundaráði.

Haraldur Óli Ólafsson, verkefnisstjóri í félagsmiðstöðinni Frosta, Frostaskjól.

18. Ævintýraspilið

Ævintýraspilið er búið til fyrir börnin í Eldflauginni. Hér er ímyndunaraflinu gefinn laus taumur í ævintýrum og spennu. Gunnar Theodór er höfundur, skapari og sögumaður. Ævintýraspilið er vinsælasta smiðja Eldflaugarinnar frá upphafi. Um 40 börn hafa sótt smiðjuna í hverri viku í 4 mánuði.

Gunnar Theodór Eggertsson, frístundaráðgjafi í frístundaheimilinu Eldflauginni, Kampi.

Kl. 17:50 Málstofa - fjórða lota

19. Góðgerðarútlitavika – Valdefling unglinga í félagsmiðstöðinni Holtinu

Félagsmiðstöðin Holtið stóð fyrir Góðgerðarútlitaviku í lok mars með það að leiðarljósi að efla ímynd unglinga. Með markvissri valdeflingu voru myndað tvö ráð sem héldu utan um tvennskonar verkefni, annars vegar rekstur útvarpsstöðvar og hins vegar að afla fjár til styrktar minningarsjóðs Sissu. Unglingarnir gengu í hús, söfnuðu dós, héldu góðgerðarbingó, tvö góðgerðarböll og ráku útvarpsstöð sem bauð upp á forvarnablandaða þætti. Mikil gleði rékti þessa vikuna og reynslunám átti sér stað.

Magnús Guðmundsson, verkefnisstjóri í félagsmiðstöðinni Holtinu, Árseli.

20. Sjálfstyrkingarhópur stelpna

Í frístundaheimilinu Eldflauginni er sjálfstyrkingarhópur fyrir stelpur sem glíma við kvíða, feimni, kjörþögl eða lítið sjálfstraust. Um er að ræða hópavinnu, hvatningu og sjálfstyrkingarverkefni.

Unnur Tómasdóttir, aðstoðarverkefnisstjóri í frístundaheimilinu Eldflauginni og Kristín Anna Hermannsdóttir, frístundaráðgjafi í frístundaheimilinu Eldflauginni, Kampi.

21. iPad í frístundaheimilum Gufunesbæjar

Sagt verður frá innleiðingu iPad í starf frístundaheimilanna sem hófst haustið 2013. Sagt frá markmiðum, leiðum og fyrstu skrefum.

Ólöf Una Haraldsdóttir, frístundaráðgjafi í frístundaheimilinu Ævintýralandi í Kelduskóla/Korpu, Gufunesbæ.

22. Lífsleikni – Hópefli fyrir 8.-10. bekk

Frístundamiðstöðin Miðberg fékk þróunarstyrk skóla- og frístundaráðs til þess að fara inn í unglingadeildir skólanna í Breiðholti með kennslu um notkun á frítímanum. Verkefnið kallast *Þetta þarf að vera kennt – Þetta er ekki sjálflært*. Farið var inn í skólana með ákveðna dagskrá sem var sérsníðin að hverjum skóla fyrir sig. Markmiðið var að hitta unglingana og fara yfir hvernig við notum frítímann og ýmsar hugmyndir um hvernig við getum notað frítímann á uppbyggilegan hátt. Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við Íþróttta-, tómstunda- og þroskajálfadeild Háskóla Íslands, var fengin til þess að vera með kennslu fyrir starfsfólkið, aðstoða við gerð námsefnis og leiða hópinn áfram.

Krístún Lilja Daðadóttir, deildastjóri unglingastarfs, Miðbergi.

23. Starfsumhverfi umsjónarmanna frístundaheimila

Kynning á lokaverkefni til BA gráðu í tómstundafræði þar sem könnun var lögð fyrir alla umsjónarmenn frístundaheimila á höfuðborgarsvæðinu en henni var ætlað að varpa ljósi á þá þætti sem mætti hafa að leiðarljósi við að bæta starfsumhverfi umsjónarmanna. Áhersla var sett á samráðsþætti í könnuninni og fjallar ritgerðin að miklu leyti um samskipti og samráð við samstarfsaðila og yfirmenn.

Þórgnýr Thoroddsen, nemi í tómstunda- og félagsmálafræði við HÍ.

Kl. 12:20-13:00 Létt hádegissnarl í Miðbergi

Skráning

Þátttakendur eru beðnir að velja 4 erindi – eitt í hverri lotu – sem þeir kjósa að sækja þennan dag og senda þá skráningu og hvaða erindi eru valin á netfangið:

raghheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

í síðasta lagi
fyrir kl. 15:00 mánudaginn 12. maí